

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1534*  
*komudagur 22.4.2005*



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2005

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál.**

BSRB vill beina athugasemdum sínum að 8. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um auglýsingar og telur nauðsynlegt að settar verði miklu skýrari og ítarlegri reglur varðandi auglýsingar sem beinast að börnum en þarna er lagt til. Greinin er samhljóða 22. grein í núgildandi samkeppnislögum. Umboðsmaður barna hefur margítrekað bent á nauðsyn þess að setja inn í lagatexta eða reglugerð skýrari ákvæði varðandi auglýsingar sem höfða til barna og styður BSRB álit hans og telur mikilvægt að tekið sé tillit til sjónarmiða Umboðsmanns.

BSRB leggur til að efni 8. gr. frumvarpsins verði endurskoðað með hliðsjón af áliti Umboðsmanns barna og í samráði við hann.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir